

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti vegna lóðarinnar Grandatröð 12.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2024 breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti vegna lóðarinnar Grandatröð 12. Breytingin felst í stækkun byggingarreits fyrir tveggja hæða viðbyggingu og tilfærslu á innkeyrslu á lóð.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna Hellisgötu 32.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2024 breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna Hellisgötu 32. Breytingin felst í því að heimila að byggja aftan við hús eina hæð og kjallara.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulaginu „Miðbær-Hraun, vestur“ vegna Hverfisgötu 12.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2024 skilmálabreyting á deiliskipulaginu „Miðbær-Hraun, vestur“ vegna Hverfisgötu 12. Breytingin felst í því að hámarksbyggingarmagn og nýtingarhlutfall er hækkað á lóðinni.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 21. febrúar 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 6. mars 2024